



Fjárlaganefnd Alþingis

*Sent með tölvupósti.*  
Reykjavík, 8. mars 2021

**Efni: Frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni, 538. mál.**  
*Tilv. 202103-0003*

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis dags. 2. mars sl. þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni, 538. mál. Bændasamtökin hafa farið yfir efni frumvarpsins og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Fram kemur í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að lögin takmarki ekki nýtingu óbeinna eignarréttinda á landi í eigu ríkisins. Samkvæmt athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu er með því meðal annars átt við að frumvarpið komi hvorki í veg fyrir né takmarki afréttarnot í þjóðlendum og að aðilar geti haldið þeim réttindum óskertum þrátt fyrir að gerður sé samningur við fyrirtæki á grundvelli frumvarpsins. Þá segir í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu að ætlunin sé ekki að hreyfa við almannarétti eða lögum um náttúruvernd að öðru leyti. Bændasamtökin telja gott og gilt að settur verði rammi um nýtingu lands í eigu ríkisins sem orðnar eru að fjölsóttum ferðamannastöðum. Lögð er þung áhersla á að framangreint verði virt, þ.e. að afréttarnot og óbein eignarréttindi bænda verði ekki takmörkuð.


Í því samhengi er bent á að óbyggðanefnd hefur ekki að fullu lokið ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Þá hafa málsmeðferðarreglur við endurupptöku fyrir óbyggðanefnd vegna eignarréttarlegrar stöðu lands verið útvíkkaðar, sbr. lög nr. 34/2020 um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta sem samþykkt voru á 150. löggjafarþingi. Í breytingunum felst m.a. að óbyggðanefnd getur heimilað íslenska ríkinu að auka við kröfur sínar í máli sem til meðferðar er hjá nefndinni, verði það ekki metið ríkinu til vanrækslu að hafa ekki gert kröfur sínar í einu lagi í öndverðu. Þá er nefndinni einnig heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar, ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Sú óvissa sem af framangreindu leiðir veldur áhyggjum af stöðu þeirra sem eiga óbein eignarréttindi á slíkum jörðum.

Þá telja samtökin einnig að eðlilegt hefði verið að endurskoða almannaréttarkafila náttúruverndarlaga samhliða. Sú endurskoðun fór af stað í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu



árið 2017 og áttu Bændasamtökin fulltrúa í samráðshóp sem kom að þeirri vinnu. Mikilvægt er að þeirri vinnu verði haldið áfram og réttindi landeigenda skýrð að því er varðar aðgang og umgengni ferðamanna og annarra í landi bænda.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands



---

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir